

Auðlesin útgáfa

Þessi auðlesni texti er til að gefa þér upplýsingar.

Þessi auðlesni texti er viðbót við frumvarpið.

Textinn sem gildir er frumvarpið.

Þessi auðlesni texti er ekki lagalega bindandi.


Frumvarp er tillaga að lögum.

Þegar Alþingi samþykkir frumvarp verður það að lögum á Íslandi.

Í þessu skjali verður samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks líka kallaður: „Samningurinn.“

Viltu vita meira um samninginn og Sameinuðu þjóðirnar?

Þú getur lesið samninginn á auðlesnu máli með því að [smella hér](#).



Félags- og vinnumarkaðs·ráðherra leggur til að þetta verði lög á Íslandi:

1. grein

Markmið þessara laga er að vernda mannréttindi fatlaðs fólks.

Lögin eiga að tryggja að fatlað fólk hafi sömu réttindi og annað fólk.

Lögin eiga að tryggja að fatlað fólk geti tekið þátt í samféluginu eins og annað fólk.

2. grein

Þegar þetta frumvarp er samþykkt verður samningurinn að lögum á Íslandi.

Texti samningsins fylgir með þessum lögum.

3. grein

Þegar Alþingi samþykkir þetta frumvarp verður frumvarpið að lögum á Íslandi.

ð σ ΣΤΟ ΠΙΠΑΙ

Markmið samningsins

Þetta eru markmiðin með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks:

- Að fatlað fólk hafi sömu mannréttindi og annað fólk
- Að fatlað fólk hafi sama frelsi og annað fólk
- Að fatlað fólk hafi sömu tækifæri og annað fólk
- Að fatlað fólk geti tekið þátt í samfélagini eins og annað fólk
- Að fatlað fólk fái sömu virðingu og annað fólk

Í samningnum er talað um fötlun sem hluta af fjölbreytileika mannsins.

Samningurinn samþykktur

Frumvarpið leggur til að samningurinn verði að lögum á Íslandi.

Árið 2006 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar samninginn.

Árið 2016 samþykkti Ísland samninginn.

Það þýðir að samningurinn gildir á Íslandi.

Samningurinn er samt ekki lög á Íslandi.

Árið 2019 samþykkti Alþingi að gera samninginn að lögum á Íslandi.

Fyrir næstu kosningar á samningurinn að verða að lögum á Íslandi.

Þegar Alþingi samþykkir þetta frumvarp verður samningurinn að lögum á Íslandi.

Af hverju að gera samninginn að lögum á Íslandi?

Markmið samningsins er að vernda mannréttindi fatlaðs fólks.

Ein leið til þess er að gera samninginn að lögum á Íslandi.

Þannig hefur samningurinn meiri áhrif.

Þá verða allir að fara eftir samningnum.

Þá er líka hægt að nota samninginn fyrir dómstólum.

Til dæmis:

Stofnun fer ekki eftir samningnum.

Það þýðir að fatlað fólk hefur ekki sömu réttindi og aðrir.

Þá er hægt að dæma stofnunina til að fara eftir samningnum.

Þá fær fatlað fólk sömu réttindi og aðrir.

Svona er hægt að nota samninginn til að vernda réttindi fatlaðs fólks.

Ísland ætlar líka að samþykkja viðbót við samninginn.

Það þýðir að hægt er að fara með mál til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Undirbúningur

Ríkisstjórnin er búin að undirbúa það vel að samningurinn verði að lögum.

Árið 2024 var samþykkt lands-áætlun um málefni fatlaðs fólks.

Þar stendur hvað þarf að gera til að fatlað fólk fái réttindin í samningnum.

Þú getur lesið lands-áætlunina á auðlesnu máli með því að [smella hér](#).